Fréttabréf

1.tbl. 3. árg.

31. mars 2009

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN ALMANNAVARNADEILD

Kortlagning flóða í ám

Endurreisn eftir jarðskjálftan

Snjóflóðahætta

Ráðstefna í York á Englandi

Samstarf við RUV

Æfingar á döfinni

Viðbragðs-áætlanir heilbrigðis-stofnana

Þjálfun heilbrigðis-starfsmanna í SST

Samráðshópur áfallahjálpar SST

Sjúkrabörur

Bráðadagur Landspítala

Bráðaflokkunar-töskur

Vöktunar- og upplýsinga-miðstöð ESB.

Kynning á áætlunum Evrópu-sambandsins

Virkjun Samhæfingar-stöðvarinnar árið 2008

Kortlagning flóða í ám og kynningarfundur á Selfossi 19. febrúar

Í desember 2006 urðu töluverð flóð í ám víða um land í kjölfar mikilla leysinga. Stjórnvöld fólu Vatnamælingum Orkustofnunar að kortleggja flóðamörk á helstu flóðasvæðunum. Á árinu 2007 unnu sérfræðingar Vatnamælinga að því að rekja og kortleggja flóðför á vatnasviðum Hvítár og Ölfusár í Árnessýslu, Hvítár í Borgarfirði, Héraðsvatna í Skagafirði og Djúpadalsár í Eyjafirði auk þess sem ummerki við Skálfandafljót voru athuguð.

Fimmtudaginn 19. febrúar síðastliðinn var haldinn fundur í húsnæði Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi til að kynna vinnu Vatnamælinga við kortlagningu á útbreiðslu flóða á Suðurlandi í desember 2006 og sögulegra flóða á vatnasviði Hvítár og Ölfusár. Á fundinum voru kynnt drög að kortum af Iðu, Skeiðum, Sorta, Selfossi og nágrenni. Tilgangur fundarins var að kynna heimamönnum þá vinnu sem lokið er og að leita eftir ábendingum frá þeim sem nýst gætu við áframhaldandi vinnu við kortlagningu á svæðinu. Kortlagningin ætti meðal annars að nýtast heimamönnum við ákvarðanir um landnotkun. Á fundinn mættu fulltrúar sveitarstjórna og skipulagsyfirvalda, lögreglu á svæðinu auk starfsmanna Veðurstofu Íslands og fulltrúa stýrihóps sem fylgst hefur með vinnu við verkefnið.

Þeir sem vilja koma upplýsingum á framfæri sem nýst gætu við flóðakortlagninguna er bent á að hafa samband við Odd Sigurðsson hjá Veðurstofu Íslands, netfang hans er: oddur(hjá)vedur.is.

Frá kynningarfundinum á Selfossi, fundarmenn skoða handrit að flóðakortum.

Endurreisn eftir jarðskjálftan á Suðurlandi 29. maí 2008

Allt frá því að neyðaraðgerðum eftir jarðskjálftan lauk hefur verið unnið hörðum höndum af endurreisn samfélagsins á svæðinu. Þeirri vinnu miðar vel enda kraftur og þor Sunnlendinga margrómað. Þau verkefni sem tengjast endurreisn eru ný hjá almannavarnadeildinni. Verkefnin hafa tengst samstarfi ríkisins og sveitarfélagana og ráðstöfun þeirra fjármuna sem ætlaðir voru í verkefnið á aukafjárlögum 2008. Verkinu er ekki lokið og mun almannavarnadeildin halda áfram að fylgja því eftir.

Snjóflóðahætta

Veturinn hefur verið óvenju erfiður þeim sem búa á þekktum snjóflóðahættusvæðum. Margoft hefur verið rýmt í Bolungarvík og nú í lok mánaðarins hefur þurft að rýma hættusvæði á Siglufirði og Ólafsfirði. Almannavarnadeildin er hluti af vöktunar og viðbúnaðarkerfi því sem hér á landi gildir varðandi ofanflóð.

Útgefandi: Almannavarnadeild ríkislögreglustjórans.
Fyrirspurnir: almannavarnir@rls.is.

Ábyrgðarmaður: Víðir Reynisson.
Heimasíða: www.almannavarnir.is

Ráðstefna í York á Englandi

Fulltrúi almannavarnadeildar sótti í febrúar ráðstefnu á vegum Evrópusambandsins um almannavarnir. Á ráðstefnunni var fjallað um hvernig almenningur getur undirbúið sig og hvernig stjórnvöld og sjálfboðaliðar geta upplýst almenning og leiðbeint um rétt viðbrögð komi til neyðarástands. Það var Evrópuskrifstofa Rauða krossins sem sá um ráðstefnuna. Ráðstefnuna sóttu auk fulltrúa almannavarnadeildar, fulltrúar frá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og Rauða krossi Íslands. Margt áhugavert kom fram og voru haldin erindi um kynningarefni í almannavörnum og viðbragsáætlanir. Fulltrúi almannvarnadeildarinnar hélt kynningu um þátttöku, hlutverk og viðbrögð íbúa í flugslysaáætlunum á Gjögri og Grímsey og í viðbragðsáætlun á áhrifasvæði Kötlu.

Samstarf við RUV

Til marga ára hefur verið mikið samstarf milli almannavarna og Ríkisútvarpsins. Nú í mars fóru starfsmenn almannavarnadeildar í heimsókn til RÚV og fengu kynningu á viðbragðsáætlun og starfi sem þar er unnið og tengist almannavörnum.

Æfingar á döfinni

Á þessu ári er fyrirhugað að halda 4 flugslysaæfingar en almannavarnadeildin og Flugstoðir standa fyrir nokkrum flugslysaæfing á hverju ári. Í apríl verður æfing á Keflavíkurflugvelli og Þórshafnarfluvelli en í haust er ætlunin að æfa á Vopnafjarðarflugvelli og Egilsstaðaflugvelli. Undirbúningur þessara æfinga er þegar hafinn hjá viðbragðsaðilum í héraði og þeim einingum sem koma að atburðum sem þessum á landsvísu. Að æfingum loknum verður nánar sagt frá þeim í fréttabréfinu.

Frá flugslysaæfingu á Bakkaflugvelli

Viðbragðsáætlanir heilbrigðisstofnana

Nú er unnið að gerð samræmdra viðbragðsáætlana heilbrigðisstofnana hér á landi. Á síðastliðnu ári var unnið nýtt sniðmát að viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana sem hefur verið sent framkvæmdastjórum þeirra. Hver stofnun hefur skipað ritstjóra sinnar áætlunar er vinna við að fella viðbragðsáætlanir stofnana inn í þetta nýja sniðmát að hefjast. Þetta verkefni hlaut gæðastyrk heilbrigðisráðuneytisins og mun styrkurinn verða nýttur við innleiðingarferlið. Samstarfsaðilar þessa verkefnis eru Landspítalinn og Landlæknisembættið og ritstjórar sniðmátsins eru Guðbjörg Pálsdóttir og Anna Björg Aradóttir frá ofangreindum stofnunum og Íris Marelsdóttir frá Almannavarnadeildinni.

Þjálfun heilbrigðisstarfsmanna í SST

Heilbrigðisstarfsmenn eru hluti af áhöfn Samhæfingarstöðvarinnar (SST) og bera ábyrgð á virkjun og samhæfingu heilbrigðisstofnana þegar bregðast þarf við hamförum eða stórslysum. Þjálfun og fræðsla áhafnar heilbrigðisstarfsmanna fer fram mánaðarlega og dagskráin er fjölbreytt. Í janúar kynnti Guðbjörg Pálsdóttir, hjúkrunarfræðingur á Landspítala sniðmát að viðbragðsáætlunum heilbrigðisstofnana og í febrúar var Bjarni J. Bogason, formaður kennslanefndar með athyglisverða kynningu á störfum nefndarinnar.

Í mars var haldin tveggja tíma stjórnstöðvaræfing í SST þar sem áhersla var lögð á að æfa verkferla áhafna heilbrigðisstarfsmanna en þátttakendur í æfingunni voru auk heilbrigðisstarfsmanna, starfsmenn Flugstoða, bakvaktarmaður Landsbjargar og starfsmenn almannavarnadeildar.

Sviðsmyndin í þessari æfingu var slysið í Herðubreiðulindum í ágúst árið 2000 þegar áætlunarbíll rak út í Jökulsá á Fjöllum. Æfingin þótti takast vel og þar kom ýmislegt fram sem bæta þarf, svo samhæfing og viðbragð heilbrigðissgeirans verði sem best í stóráföllum. Í æfingastjórn sátu tveir starfsmenn almannavarnadeildar auk Báru Benediksdóttur hjúkrunarfræðings frá Landspítala. Í maí munu Garðar S. Gíslason gæðastjóri Neyðarlínunnar og Sigurður V. Ottesen neyðarvörður kynna starfsemi Neyðarlínunnar og eftir það verður gert hlé á þjálfun áhafnar heilbrigðisstarfsmanna fram í september.

Samráðshópur áfallahjálpar SST

Innan Samhæfingarstöðvarinnar starfar svokallaður samráðshópur áfallahjálpar og í honum eiga sæti fulltrúar allra þeirra stofnana er sinna áfallahjálp hér á landi. Í mars voru gefnar út leiðbeiningar um sálræna skyndihjálp, viðurkennt verklag á vettvangi og voru það þýddar og staðfærðar leiðbeiningur um sálrænan stuðning í kjölfar áfalla. Samráðshópurinn stóð fyrir blaðamannafundi vegna útgáfunnar og fór hann fram 16. mars í húsnæði Landlæknisembættisisins.

Það voru dr. Berglind Guðmundsdóttir sálfræðingur og Þórunn Finnsdóttir, sérfræðingur í klíniskri sálfræði sem þýddu leiðbeiningarnar og staðfærðu en Jóhann Thoroddsen sálfræðingur veitti faglega ráðgjöf.

Leiðbeiningar verða vistaðar á vefsíðu Rauða krossins en verða einnig aðgengilegar á vefsíðu almannavarnadeildar, Landlæknis, Þjóðkirkju og Landspítala. Leiðbeiningarnar eru miðaðar við stórslys og hamfarir en mikilvægt er að hafa í huga að sömu aðferðir eiga við smærri tilvik svo sem bílslys, frístundaslys, vinnuslys og fleira.

Sjúkrabörur

Í janúar sl. fór fram könnun á kostum og göllum á þeim sjúkrabörum sem eru daglegri notkun hér á landi hjá rekstraraðilum sjúkraflutninga en einnig voru skoðaðar þær sjúkrabörur sem til eru hjá björgunarsveitum og á flugvöllum landsins. Niðurstöður þessarar könnunar munu verða birtar í stuttri skýrslu.

Börur í skoðun

Bráðadagur Landspítala

Þann 6. mars var bráðadagur haldinn á vegum Landspítalans. Verkefnastjóra heilbrigðismála hjá almannavarnadeild var boðið að vera með á þessum degi. Í boði voru margir áhugaverðir fyrirlestrar og fær Landspítalinn bestu þakkir fyrir þarft framtak.

Bráðaflokkunartöskur

Nú eru dreifingu á bráðaflokkunartöskum lokið en almannavarnadeildin tók að sér dreifingu til heilbrigðisstofnana og til rekstraraðila sjúkraflutninga. Framundan er þjálfun og fræðsla til þeirra sem nota munu þessar töskur. Almenn ánægja er með þetta nýja kerfi til forgangsflokkunar sjúklinga á slysavettvangi.

Vöktunar- og upplýsingamiðstöð ESB.

Í byrjun febrúar var á ferð hér á landi Yves Dussart forstöðumaður MIC, Vöktunar og upplýsingamiðstöðvar Evrópusambandsins. Markmið miðstöðvarinnar er fyrst og fremst aðstoð í stóráföllum. Í jarðskjálftanum 29. maí 2008 höfðu starfsmenn miðstöðvarinnar strax samband við almannavarnadeildina og buðu fram aðstoð Evrópusambandsins vegna skjálftans. Yves Dussart hvatti viðbragðsaðila á Íslandi til að sækja þjálfun til Evrópusambandsins þar sem hann taldi að hér á landi væru margir hæfir viðbragðsaðilar, sem sambandið gæti þjálfað til frekari hjálparstarfa. Miðstöðin vaktar hamfarir allan sólarhringinn í heiminum og býður fram aðstoð ef heimamenn telja sig ekki ráða við áfallið. Daglega kemur út fréttabréf á vegum MIC með upplýsingar af skaðasvæðum og stöðuna þar.

Kynning á áætlunum Evrópusambandsins

Guðrún Jóhannesdóttir

Þann 15. janúar síðastliðinn var haldin kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi. Kynningin var á Háskólatorgi og kynntu fulltrúar samstarfsáætlana og þjónustuskrifstofa styrki og samstarfsmöguleika á vegum evrópskra áætlana á sviði menntunar, menningar og atvinnulífs. Almannavarnadeildin kynnti áætlanir Evrópusambandsins í almannavörnum og þá styrki og tækifæri sem bjóðast á þeim vettvangi. Skipan fjármála í almannavörnum byggir á ákvörðun framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins númer 2007/162/EC og er aðgerðaráætlun í gildi fyrir 2007-2013. Alls eru 128.600.00 evrur í boði á tímabilinu. Þessum fjármunum er ætlað að styðja við og styrkja aðildarríkin og ríkin á evrópska efnahagssvæðinu í almannavörnum. Fjármagni er veitt til verkefna sem hafa það markmið að vernda fólk, umhverfi og eignir, þar með talin menningarverðmæti, sem talin eru í hættu af völdum náttúruvá, váverka af mannavöldum, umhverfisslysa, tæknibilana, geislavá og annarra hættuatvika. Einnig hefur styrkjum verið úthlutað til almannavarna til að auka samvinnu milli þáttökuríkjanna. Íslenskir viðbragðsaðilar hafa tekið þátt í mannaskiptaáætlun almannavarna, Exchange of experts. Þá er fyrirhugað að viðbragðsaðilar taki þátt í þjálfun og æfingum á vegum áætlunarinnar. Mikill áhugi var á kynningunni og hefur verið farið með hana á helstu þéttbýlisstaði um landið.

Virkjun Samhæfingarstöðvarinnar árið 2008

Frá Samhæfingarstöðinni

Samhæfingarstöðin var virkjuð í 71 skipti á árinu 2008. Í flestum þessara atvika var verið að leita að týndu fólki eða 36 skipti. Stöðin var virkjuð í hverjum mánuði, flest skipti voru í júlí en þá var stöðin virkjuð sjö sinnum vegna leitar að fólki. Önnur algengasta ástæðan fyrir virkjun Samhæfingarstöðvarinnar var vegna óveðurs eða ófærðar, alls tólf sinnum. Stöðin var virkjuð af þessum ástæðum í janúar (4 skipti), febrúar (2 skipti), apríl (1 skipti), ágúst, september og október (1 skipti í hverjum mánuði) og tvisvar í desember. Flugatvik voru sjö. Fimm þeirra voru vegna Keflavíkurflugvallar, eitt vegna Reykjavíkurflugvallar og eitt vegna ferjuflugvélar.

Umfangsmesta aðgerðin í Samhæfingarstöðin var vegna jarðskálftanna á Suðurlandi við Hveragerði og Selfoss 29. maí. Aðgerðin var ein sú lengsta í sögu Samhæfingarstöðvarinnar